

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020.

**Efni: Umsögn við drög að frumvarpi til laga um Barna- og fjölskyldustofu. 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal x - x. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna draga að frumvarpi til laga um um Barna- og fjölskyldustofu. Félagið fagnar áformum um að setja á fót stofnun sem hefur það hlutverk að veita og styðja við þjónustu í þágu barna og stuðla að gæðapróun í samræmi við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Barna- og fjölskyldustofu er ætlað stórt hlutverk og virðist gengið út frá nánú samstarfi stofnunarinnar við aðra stjórnarsýslustofnun sem áform eru um að stofna, þ.e. *Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála*. Hvernig til tekst mun velta á því hvernig gengur að manna stofnunina reynslumiklu fagfólki með þverfaglega menntun. Því er mikilvægt að sú þekking sem starfsmenn Barnaverndarstofu hafa byggt upp nýtist áfram í nýrri stofu og jafnframt að gætt sé að því að þeim sé ekki ætlað að bæta við sig öðrum verkefnum heldur geti einbeitt sér að verkefnum á sviði barnaverndar.

Í frumvarpsdrögunum er getið um breytingar á öðrum lögum, s.s. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Vert er að benda á að í 5. mgr. 4. liðar í 9. gr. er Barnaverndarstofa nefnd þar sem væntanlega er átt við nýja Barna- og fjölskyldustofu. Þá er í 16. lið fjallað um að Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veiti fósturforeldrum leyfi til að taka barn í fóstur að fenginni umsögn Barna- og fjölskyldustofu. Þarna eru áform um að lengja boðleiðir og aðskilja hæfnismat og leyfisveitingu.

Félagsráðgjafafélag Íslands bendir á að Barnaverndarstofa hefur frá árinu 2004 stuðst við námsefnið PRIDE model of practice við hæfnismat og fræðslu til umsækjenda um leyfi sem fósturforeldrar. PRIDE er þróað í Bandaríkjum norður Ameríku og Hollandi og hefur verið innleitt víða í Evrópu sjá slóðina <https://www.fosterpride.eu/home.html>. Noregur hefur verið í fararbroddi þegar litið er til Norðurlandanna en öllum sem hafa hug á að gerast fósturforeldrar er skylt að sækja PRIDE námskeið, sjá slóðina [https://bufdir.no/fosterhjem/Hvordan\\_bli\\_fosterhjem/ Delta\\_pa\\_kurs/](https://bufdir.no/fosterhjem/Hvordan_bli_fosterhjem/Delta_pa_kurs/). Það mun vera farsælla að byggja á þeim grunni sem Barnaverndarstofa hefur lagt í þróun fósturmála á Íslandi og efla PRIDE hugmyndafræðina til að styðja við fósturráðstafanir hér á landi frekar en að gera leyfisveitinguna að sérstöku viðfangsefni. Fósturráðstafanir eru ítrasta úrræði barnaverndar og því mikilvægt að vanda til verka á öllum sviðum, allt frá hæfnismatinu yfir í ráðstöfun barns á fósturheimili. Það er ekki farsællt að skipta þessu ferli á milli stofnana.

Fóstur barns er vandasamt verkefni og og felur í sér að byggja upp tengsl sem ætlað er að vara út lífið hvort sem barnið snýr aftur til upprunafjölskyldu eða dvelur hjá fósturfjölskyldu til 18 ára aldurs. Huga þarf að því að byggja upp öflugna fósturdeild innan Barna- og fjölskyldustofu þar sem fram fer hæfnismat, stuðningur og fræðsla auk

öflunar og viðhalds þekkingar á fósturmálum. Þetta er ekki verkefni sem getur verið hornreka á tveimur stofnunum.

Félagsráðgjafafélag Íslands áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og er félagið tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagaráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,  
formaður